

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 397. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 8. janúar 2026 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Reglur og umgengnisreglur í íþróttamannvirkjum Snæfellsbæjar. Áður tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar í desember. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi mætir á fundinn.
- 2) Fundargerð 151. fundar hafnarstjórnar, dags. 30. desember 2025.
- 3) Fundargerð 197. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 17. desember 2025.
- 4) Fundargerð 238. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 20. nóvember 2025.
- 5) Fundargerð 990. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. desember 2025.
- 6) Fundargerð 991. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. desember 2025.
- 7) Fundargerð 93. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 10. desember 2025.
- 8) Fundargerð 87. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 8. desember 2025.
- 9) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 18. desember 2025, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Birtu Ljósmynda ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimum, að Vatnsholti í Staðarsveit, Snæfellsbæ.
- 10) Bréf frá Innviðaráðuneytinu, dags. 18. desember 2025, varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2025/2026.
- 11) Bréf frá Margréti Elfu Ólafsdóttur, dags. 6. janúar 2026, varðandi leikskólaselið við Lýsuhólsskóla.
- 12) Minnisblað bæjarstjóra, dags. 5. janúar 2026, varðandi tilnefningu í starfshóp til að meta þörf á nýrri slökkvibífi.
- 13) Bréf frá SSV, dags. 23. desember 2025, varðandi tilnefningu fulltrúa í Farsældarráð Vesturlands.
- 14) Bréf frá Skólahreysti, dags. 1. desember 2025, varðandi styrk á árinu 2026.
- 15) Minnisþingur bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ. 6. janúar 2026**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

# Reglur í íþróttamannvirkjum Snæfellsbæjar



## Góð umgengni er okkar aðalsmerki

---

*Við göngum öll þrífalega um og berum virðingu fyrir eignum Snæfellsbæjar og hvers annars. Við röðum skóm upp í hillu, göngum snyrtilega frá fatnaði inni í búningsklefum, notum viðeigandi skófatnað inni í íþróttasalnum, hendum rusli í ruslafötur og erum ekki með háreysti eða átök í búningsklefum.*

## Almennt

---

- Nemendur/iðkendur mega ekki fara inn í sal fyrr en kennari/þjálfari er kominn. Kennarar/þjálfarar skulu ekki víkja úr sal fyrr en allir eru farnir til búningsklefa.
- Tóbaksnotkun og notkun tyggigúmmís er stranglega bönnuð.
- Áfengisneysla inni í sundlaug og íþróttahúsi, og í kringum íþróttamannvirki er stranglega bönnuð.
- Öll neysla matvæla, sælgætis eða drykkja, annars en vatns, er bönnuð í íþróttasal og sundlaug.
- Ekki er tekin ábyrgð á munum sem ekki er komið í geymslu hjá starfsmanni.
- Innanhússkór eru eingöngu leyfilegir til notkunar í íþróttasalnum.

- Iðkendur mega ekki fara inn í íþróttasal eða sundlaug fyrr en kennari/þjálfari er mættur í salinn.
- Öll notkun farsíma og spjaldtölva er bönnuð í búningsklefum.
- Óheimilt er að taka upp myndir / myndbönd af æfingum nema með leyfi þjálfara/íþróttakennara.
- Þjálfari, í samstarfi við starfsmenn er ábyrgur fyrir því að sinn hópur gangi snyrtilega um íþróttasal og búningsklefa.
- Kennari/þjálfari er ábyrgur fyrir því að gengið sé vel og snyrtilega frá áhöldum á sama stað og þau voru tekin.
- Uppsetning auglýsinga er óheimil án samráðs við forstöðumann.
- Einn starfsmaður er á vakt í íþróttahúsi á kvöldin. Það er hlutverk þjálfara og iðkenda að færa dýnur, mörk o.fl. hugsanlega með aðstoð starfsmanns. Upphitun, teygjur og frágangur áhalda skal fara fram í æfingatíma iðkenda.
- Leigutakar/notendur verða að láta vita ef æfing fellur niður af einhverjum ástæðum. Senda skal upplýsingar um slíkt til íþróttá- og æskulýðsfulltrúa.
- Leigutakar/notendur skulu láta vita ef einhverjar breytingar eru á æfingum svo að starfsfólk geti gefið réttar upplýsingar til foreldra o.fl.
- Leigutakar/notendur þurfa að láta vita ef æfingaleikir/minni mót eru áætluð í mannvirkinu svo að hægt sé að undirbúa klefa og þrif fyrir slíkt ásamt því að veita réttar upplýsingar til þeirra sem spyrja.
- Forráðamaður íþróttamannvirkisins getur meinað hópi aðgang að íþróttaaðstöðu hafi ekki ábyrgur aðili stjórn hans með höndum, skv. 8. gr. í reglugerð Menntamálaráðuneytis um öryggismál í íþróttamannvirkjum. Þjálfari þarf að vera 18 ára til að teljast ábyrgðarmaður.
- Þjálfari verður að fylgja öllum iðkendum og bera ábyrgð á þeim, skv. 9. gr. í reglugerð Menntamálaráðuneytis um öryggismál í íþróttamannvirkjum.
- Starfsfólki hússins skal sýnd kurteisi og orðið við tilmælum þess og fyrirmælum.
- Sá sem brýtur þessar reglur og veldur skemmdum er meðvitaður um að hann sé ábyrgur og verði látinn bæta allt fjárhagslegt tjón.
- Forstöðumaður er ábyrgur fyrir því að sá iðkandi/hópur sem brýtur reglur þessar ítrekað verði útilokaður frá æfingum/keppni í íþróttahúsinu til lengri eða skemmri tíma.

## Slys og neyðartilvik

---

- Ef neyðartilvik koma upp er hægt að hringja í 112 úr síma í afgreiðslu.
- Ef hringt er á sjúkrabíl úr farsíma þarf að koma skilaboðum til starfsmanns íþróttahússins um að það hafi verið gert svo að hann geti vísað sjúkraflutningamönnum á réttan stað.
- Sjúkrakassinn er fyrir fyrstu hjálp.
- Mannvirkið útvegjar ekki teip eða annan sjúkravarning nema í neyðartilvikum.
- Bannað er að ganga í sjúkrakassa til daglegra nota nema með leyfi starfsmanna.
- Hjartastuðtæki er staðsett í bæði íþróttahúsi og sundlaug.
- Allir starfsmenn íþróttamannvirkja hafa lokið skyndihjálparnámskeiði og aðstoða við slys og/eða neyðartilvik.
- Forsvarsmenn hópa skulu sjálfir vera með sjúkratösku.

## *Umgengnisreglur UMF. Víkings*

---

- Vinsamlegast gangið vel um skrifstofuna.
- Ekki koma á takkaskóm inn á skrifstofuna.
- Ekki er í boði að geyma persónulega muni t.d. skó, fatnað o.fl. á skrifstofunni, þar sem það er ekki á ábyrgð starfsfólks ef það týnist.
- Ekki skilja bolla, glös, dósir eða flöskur eftir inni á skrifstofunni.
- Ekki er í boði að hafa uppáhellt kaffi á skrifstofunni.
- Munir á skrifstofunni eru í eigu íþróttafélagsins. Ekki gramsa í dótinu.
- Þjálfarar skulu vera í merktum klæðnaði í sal og úti á knattspyrnuvelli svo bæði foreldrar og starfsfólk viti hver stjórnar.

- Vinsamlegast hendið matarafgöngum og öðru rusli í ruslatunnu.
- Öll tóbaksnotkun og áfengisnotkun er stranglega bönnuð.
- Notkun á skrifstofunni er ekki heimil án leyfis íþróttá- og æskulýðsfulltrúa, yfirþjálfara og framkvæmdastjóra.
- Virða vinnufrið og skrifstofan er fyrst og fremst vinnurými.

*Kynnið ykkur almennar reglur íþróttóamavirkja og farið eftir þeim í einu og öllu.*

## *Viðurlög við broti á reglum*

---

- Munnleg ábending
- Skrifleg áminning.
- Flokkur/hópur útilokaður frá mannvirkinu í 1 viku.
- Flokkur/hópur útilokaður frá mannvirkinu í 1 mánuð.
- Félag útilokað frá mannvirkinu í 1 viku.
- Félag útilokað frá mannvirkinu í 1 mánuð.
- Flokkur útilokaður alveg frá mannvirkinu.
- Félag útilokað alveg frá mannvirkinu.



## Um gengisreglur í íþróttamannvirkjum Snæfellsbæjar

### 1. gr.

#### Gildissvið

Reglur þessar gilda þegar um skipulagt íþróttastarf, kappleiki og viðburði er að ræða í íþróttamannvirkjum snæfellsbæjar.

### 2. gr.

#### Um gengni

Notendur íþróttamannvirkja skulu ganga þrífalega um og bera virðingu fyrir eigum annarra. Skóm skal raða í skóhillu og útifatnað snyrtilega frammi. Fatnað skal raða snyrtilega í búningsklefum. Iðkendur skulu nota viðeigandi skófatnað í íþróttasal sem ætlaðir eru fyrir innanhúsnotkun, og einnig viðeigandi skófatnað þegar æft eða kept er á gervigrasvellinu.

Starfsfólk og notendur mannvirkjana skulu sýna hvert öðru tillitsemi og kurteisi.

### 3. gr.

#### Notkun vímuefna og tóbaks

Notkun áfengis, vímuefnis, ólöglegra lyfja, tóbaks eða nikótíns í einhverri mynd er óheimil bæði í og í kringum íþróttamannvirkin. Einstaklingur undir áhrifum er vísað úr húsi.

### 4. gr.

#### Neysla matvæla

Óheimilt er að neyta matvæla eða nota tyggigúmmí í íþróttasal á meðan íþróttæfingum stendur.

#### **5. gr.**

### **Aldurstakmark í íþróttasal**

Íðkendur er heimilt að æfa íþróttasal ef viðkomandi hefur náð 18 ára aldurstakmarki. Þegar leigt hefur verið fyrir afmæli eða aðra viðburði skal attlaf vera einstaklingur inn í sal sem hefur náð 18 ára aldri.

#### **6. gr.**

### **Búningsklegar**

Myndataka í búningsklegum er bönnuð.

Það sem gestir hafa meðferðis er á þeirra ábyrgð ef því er ekki komið í geymslu hjá starfsfólki eða í læstum skáp.

#### **7. gr.**

### **Annað**

Gæludýr eru ekki leyfð í íþróttamannvikjum Snæfellsbæjar.

Í leigutíma/sölutímum þarf að gefa upp nafn ábyrgðarmanni leigutaka og skrifa undir hjá starfsfólki í afgreiðslu leigusamnings. Sá ber ábyrgð að salurinn verði í góðu stanfi þegar hann er yfirgefinn.

#### **8. gr.**

### **Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi 01. Janúar 2026

***Samþykkt af íþróttá- og æskulýðanefnd Snæfellsbæjar x.xx. 2025***

***Samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar x.xx. 2025***

151. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn þriðjudaginn 30.12. 2025, kl. 10.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,  
Heiðar Magnússon,  
Bárður Guðmundsson,  
Oddur Orri Brynjarsson,  
Ægir Ægisson,  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

Í upphafi fundar sagði formaður frá því að bæjarstjórn Snæfellsbæjar hafi á fundi þann 17. nóvember 2025, ráðið Þórð Tryggva Stefánsson í starf hafnarstjóra Snæfellsbæjar. Þórður hóf störf um s.l. mánaðarmót en tekur formlega við sem hafnarstjóri þann 1. febrúar 2026. Formaður býður Þórð velkominn til starfa.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 27.08. 2025, varðandi samþykkt bæjarráðs á fundargerð 150. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf frá bæjarritara dags. 15.10. 2025, varðandi kosningu bæjarstjórnar á Margréti Sif Sævarsdóttur sem varamanns í hafnarstjórn í stað Michael Gluszuk. Lagt fram til kynningar.
3. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 474 dags. 22.08., nr. 475 dags. 10.09., nr. 476 dags. 22.10. og nr. 477 dags. 18.11. 2025. Lagt fram til kynningar.
4. Tölvupóstur frá Hafnasambandi Íslands dags. 19.11. 2025. Meðfylgjandi eru tvö minnisblöð, dags. 14.11. 2025, varðandi ábendingar vegna óska töllyfirvalda eftir upplýsingum og hugsanlegu aðgengi að rafrænum eftirlitskerfum hafna og minnisblað dags. 17.11. 2025, varðandi lagabreytingar tengt rafrænu eftirliti í höfnum. Hafnarstjóri fór yfir og kynnti helstu atriði minnisblaðanna. Lagt fram til kynningar.
5. Gjaldskrá hafnarsjóðs fyrir árið 2026. Hafnarstjóri kynnti gjaldskrána og fór yfir helstu liði hennar. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
6. Fjárhags og framkvæmdaáætlun hafnarsjóðs fyrir árið 2026. Hafnarstjóri kynnti áætlunina og fór yfir helstu liði hennar. Fjárhags og framkvæmdaáætlunin samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.35

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður,  
Bárður Guðmundsson,  
Heiðar Magnússon,  
Ægir Ægisson,  
Oddur Orri Brynjarsson,  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Fullgild rafræn undirskrift

**GUNNÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR**

Kennitala: 150576-3859  
2025-12-17 14:57:15 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**MATTHÍAS PÁLL GUNNARSSON**

Kennitala: 040478-5909  
2025-12-17 19:17:34 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**KRISTJANA HERMANNSDÓTTIR**

Kennitala: 080567-5533  
2025-12-21 19:29:11 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**SMÁRI JÓNAS LÚÐVÍKSSON**

Kennitala: 161184-3229  
2025-12-17 15:06:57 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**VALGERÐUR HLÍN KRISTMANNSDÓTTIR**

Kennitala: 160888-2889  
2025-12-18 08:45:01 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**MAGNÚS EIRÍKSSON**

Kennitala: 250862-3779  
2025-12-17 15:33:55 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**EIRÍKUR BÖÐVAR RÚNARSSON**

Kennitala: 240386-3139  
2025-12-18 08:47:20 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**ILLUGI JENS JÓNASSON**

Kennitala: 300668-4299  
2025-12-17 17:25:49 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**RAGNAR MÁR RAGNARSSON**

Kennitala: 200373-5109  
2025-12-18 08:51:47 GMT  
Byggingarfulltrúi

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 197197. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn Gilbakka, miðvikudaginn 17. desember 2025 og hófst hann kl. 10:30.**

**Fundinn sátu:**

Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermansdóttir, Eiríkur Böðvar Rúnarsson, Matthías Páll Gunnarsson, Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Smári Jónas Lúðvíksson og Gunnþóra Guðmundsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

**Dagskrá:**

**1. Endurnýjun lóðarleigusamninga á hafnarsvæði Ólafsvíkur - 2509016**

Lögð eru fram gögn vegna lóðarmála við Bankastræti 1 og Bankastræti 3 á hafnarsvæði Ólafsvíkur.

*Samkvæmt þeim skjölum sem þinglýst eru á lóðirnar þá verður ekki annað séð en að gengið hafi verið afsali árið 1996 á 1340m<sup>2</sup> skika úr Bankastræti 3 til þáverandi lóðarhafa Bankastrætis 1. Í framhaldi af kaupsamningnum sem lóðarhafarnir undirrituðu 29. ágúst 1996 hefur stærð lóðar Bankastrætis 1 verið leiðrétt í samræmi við söluna og er lóðin þannig í kortagranni Snæfellsbæjar. Miðað við uppfærð kortagögn og samþykkt dsk fyrir hafnarsvæðið þá er nauðsynlegt að uppfæra lóðablöðin fyrir báðar lóðirnar og útbúa nýja lóðaleigusamninga, en gildandi lóðaleigusamningar renna út eftir 2 ár.*

*Umhverfis og skipulagsnefnd felur tæknideild að útbúa drög að nýjum lóðarblöðum og lóðaleigusamningum fyrir Bankastræti 1 og 3 og leggja þau fyrir næsta fund nefndarinnar.*

*Samþykkt*

**2. Skjaldartröð - Ósk um breytta skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi - 2512001**

Christine Blin óskar, fyrir hönd eigenda jarðarinnar Skjaldartraðar L136307, eftir því að breyta landnotkun á jörðinni. Um er að ræða breytingu á reitum ÍÞ-1 og þeim skika þar sem voru upphaflega íbúðarhús (211-4098, 211-4099) en þar hefur verið frístundahús í allnokkur ár, ásamt hlöðu (211-4097) frá fyrri tíð. Farið er þess á leit að í skipulagi verði skilgreining landnotkunar breytt frá núverandi skilgreiningu yfir í íbúðarsvæði. Sjá nánar á meðfylgjandi korti.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd kynnt erindið og felur tæknideild að hefja samtal við landeiganda vegna óska um aðalskipulagsbreytingar.*

*Kynnt*

### 3. **Bárðarslóð 1 - Breyting á deiliskipulagi - 2511010**

Kjartan Sigurbjartsson hönnuður sækir fyrir hönd Hótel Arnarstapa um breytingu á deiliskipulagi fyrir Bárðarslóð 1 á Arnarstapa samkvæmt meðfylgjandi uppdráttir. Breytingin felur í sér stækkun á byggingarreit til suðurs og aukningu á heimiliðu byggingarmagni þjónustuhúss.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um leiðréttan uppdrátt þar sem vitnað er í skipulagslög. Nefndin samþykkir að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst samkvæmt 1.mgr. 43. gr skipulagslaga 123/2010.*

*Samþykkt*

### 4. **Hellisbraut 20 - Umsókn um uppsetningu fjarskiptamasturs á vesturhlið hússins - 2511008**

Bjarki Guðmundsson hönnuður sendir inn umsókn fyrir hönd Íslandsturna um leyfi fyrir fjarskiptasúlu utan á vesturgafli Hellisbrautar 20. Á súlunni verða loftnet til tengingar við þráðlausan samskiptabúnað íbúa og fyrirtækja á þjónustusvæði sendastaðar (Hellissandi). Stálsúlan mun ná um 4 m upp fyrir mænisás húss en hún mun verða fest á steyptan vegg við húshorn. Samþykki húseiganda liggur fyrir.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

### 5. **Háarif 29 - Umsókn um stækkun á palli og breytingu á skjólveggjum - 2511011**

Lúðvík Ver Smáráson sækir fyrir hönd Jóhanns Mús Þórissonar um stækkun á útíþalli við vesturhlið húss hans að Háarifi 29. Pallurinn mun ná út að norðurhlið hússins. Skjólgirðing verður hækkuð upp í 2 metra en til að milda hæð skjólveggjanna verður gler í efsta hluta þeirra. Hluti skjólgirðingarinnar mun þjóna sem aðstaða fyrir grill og það sem því fylgir. Sjá meðfylgjandi teikningu.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og telur ekki þörf á grenndarkynningu aðliggjandi húsa þar sem skjólveggurinn hefur ekki áhrif á aðliggjandi hús og umferðaröryggi.*

*Samþykkt*

### 6. **Kálfárvellir L136220 - Umsókn um endurnýju byggingarleyfis fyrir vélageymslu - 2512012**

Guðmundur Grétar Bjarnason sækir um endurnýjun byggingarleyfis fyrir vélarskemmu á Kálfárvöllum. Áður hafði verið búið að steypa sökkla og botnplötu og er ætlunin að klára bygginguna sem er um 12x20 að stærð.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar.*

*Samþykkt*

### 7. **Ennisbraut 11 - Umsókn um leyfi fyrir varmadælu við sundlaug - 2512013**

Matthías Páll Gunnarsson sækir fyrir hönd Snæfellsbæjar um leyfi fyrir uppsetningu varmadælu við sundlaugina í Ólafsvík að Ennisbraut 11. Varmadælan er 2x1 m að stærð að grunnfleti og 1.8 m að hæð. Varmadælan verður staðsett 2 metrum frá húsvegg við inngang inn í kjallara á norðurhlið hússins.

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

### 8. Míla - Ljósleiðari í Ólafsvík sumarið 2026 - 2511009

Grétar Ómarsson sækir fyrir hönd Mílu um framkvæmdarleyfi fyrir lokaáfangi í ljósleiðaravæðingu í Ólafsvík sumarið 2026. Áætlaður verk tími eru 20-30 vinnudagar og er gert ráð fyrir því að hefja framkvæmdir um miðjan júlí 2026.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

### 9. Skólabraut 9 - Fyrirspurn um byggingarreit og útlit húss - 2505078

Marís Gústaf Marísson sendir inn fyrirspurn varðandi byggingarreit og veltir fyrir sér sömuleiðis hvort hús í svipuðum stíl og Gilbakki á Hellissandi myndi ganga fyrir lóðina.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í að húsið verði í svipuðum byggingarstíl og Gilbakki, Hellissandi. Byggingarfulltrúa er falið að ræða við umsækjanda varðandi byggingarreit og byggingarmagn.*

*Jákvætt*

### 10. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2025 - 2412010

- Húsnæði sem standast ekki öryggiskröfur

Nefndin felur byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra að kortleggja húsnæði sem ekki uppfylla öryggiskröfur og aðrar reglugerðir er varða búsetu og útleigu og leggi fyrir næsta fund ásamt verklagi hvernig skuli vinna ferlið áfram. Nefndin felur byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra einnig að senda bréf á viðkomandi húseigendur.

- Gámur í óleyfi við Norðurtanga 1

Byggingarfulltrúa falið að ræða við eigendur.

- Ólafsbraut 58

Byggingarfulltrúa falið að hafa samband við eiganda vegna framkvæmda.

- Grundarbraut 10

Byggingarfulltrúa falið að hafa samband við eiganda vegna framkvæmda.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:00.**



## BREIÐAFJARÐARNEFND

### 238. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. nóvember 2025, á Teams

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaformaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

**Forföll:** engin

*Fundarritari:* Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.00

#### **1. Fundargerð 237. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 237. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 29. október 2025.

**Afgreiðsla:**

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

#### **2. Framtíð Breiðafjarðar**

Breiðafjarðarnefnd hefur haft verkefnið Framtíð Breiðafjarðar að leiðarljósi í sínu starfi síðan 2019.

Nefndin og ráðherra áttu fund í apríl og júlí 2025 þar sem næstu skref verkefnisins voru rædd og hugað var að því hvernig hægt væri að vinna áfram að framtíðarlausnum fyrir skilvirkari vernd Breiðafjarðar.

Nefndin hefur í undirbúningi skýrslu til ráðherra þar sem lagðar verða fram tillögur Breiðafjarðarnefndar að næstu skrefum í verkefninu.

**Afgreiðsla:**

Drög vegna tillagna Breiðafjarðarnefndar til ráðherra rædd og samþykkt á fundinum. Starfsmaður nefndarinnar mun senda ráðherra skýrsluna á næstu dögum.

#### **3. Umsögn – Framnes í Grundarfirði**

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn frá Grundarfjarðarbæ vegna deiliskipulagsbreytinga í sveitarfélaginu.

**Afgreiðsla:**

Nefndin samþykkti drög að umsögn með fyrirvara um breytingar sem ræddar voru á fundinum. Starfsmanni nefndarinnar var falið að skila umsögn í skipulagsgátt fyrir tilskilinn skilafrest.

#### 4. Umsögn – Deiliskipulagskygning vegna Grundarfjarðarhafnar

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn frá Grundarfjarðarbæ vegna kynningar á deiliskipulagi fyrir Grundarfjarðarhöfnina.

##### Afgreiðsla:

Nefndin fól starfsmanni að undirbúa drög að umsögn samkvæmt því sem rætt var á fundi og senda þau á nefndafólkið til staðfestingar fyrir skilafrest í byrjun desember.

#### 5. Búðanes í Sveitarfélaginu Stykkishólmi – Jarðvegsvinna innan marka verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Breiðafjarðarnefnd sendi Sveitarfélaginu Stykkishólmi fyrirspurn vorið 2025 vegna jarðvegsvinnu innan marka verndarsvæðis Breiðafjarðar, sem framkvæmd var í nóvember 2024. Eftir ítrekaðar fyrirspurnir hefur Breiðafjarðarnefnd nú fengið svar frá sveitarfélaginu.

##### Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar svar sveitarfélagsins þar sem kemur fram að ekki hafi verið veitt leyfi fyrir jarðvegsvinnu á svæðinu.

Nefndin fól starfsmanni að undirbúa drög að svari, sem tekin verða fyrir á næsta fundi í desember.

#### 6. Hraunsfjörður

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Lesa má nánar um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar [hér](#). Nefndin hefur unnið áætlum í samvinnu við landeigendur um framgang verkefnis og er í samskiptum við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið til að vinna verkefnið áfram.

Vorið 2025 gerði Breiðafjarðarnefnd samkomulag við fagaðila (Vatnaskil og Cowi) um að kanna og greina þá undirbúningsvinnu sem þarf að liggja fyrir áður en hægt er að taka upplýsta ákvörðun um hagkvæmni endurheimtar Hraunsfjarðar. Niðurstöður þeirrar vinnu voru kynntar Breiðafjarðarnefnd í október 2025.

##### Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd samþykkti næstu skref verkefnisins á fundinum. Starfsmaður nefndarinnar mun hafa samband við landeigendur til að finna hentugan fundartíma þar sem frumniðurstöður Vatnaskila og Cowi verða kynntar.

Einnig mun starfsmaður Breiðafjarðarnefndar hafa samband við eigendur stíflu.

#### 7. Fjármál

Fyrir liggur að klára fjármál árs 2025.

##### Afgreiðsla:



## BREIÐAFJARÐARNEFND

Breiðafjarðarnefnd ræddi stöðu fjármála á fundinum og ákvað að vísa ákvörðunum um úthlutun fjárveitinga til verkefna til næsta fundar.

### **8. Önnur mál**

Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur á Teams þann 12. desember 2025, kl. 10.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45.

# Fundargerð 990. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 5. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Hjördís Ýr Johnson, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, ekki gafst tími til að boða varafulltrúa hennar á fundinn.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Hátæknibrennsla - 2509260SA**

Lögð fram að nýju drög að samningi milli umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um stuðning við uppbyggingu hátæknibrennslustöðvar á Íslandi. Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs gerði grein fyrir málinu. Málið var tekið fyrir á 989. fundi stjórnar þann 14. nóvember sl.

*Stjórn samþykkir framlagðan samning.*

Fundi var slitið kl. 14:00

# Fundargerð 991. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 12. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Kjartan Magnússon, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Hjördís Ýr Johnson, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Kjartan Magnússon mætti í hennar stað. Jón Björn Hákonarson tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Margrét Ólöf A. Sanders varaformaður stýrði fundinum í samvinnu við formann.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerðir 989. og 990. fundar - 2509141SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 989. og 990. fundar stjórnar Sambandsins frá 14. nóvember og 5. desember 2025, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

### 2. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2026 - 2512015SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2026, ásamt greinargerð. Sviðsstjóri þjónustusviðs Sambandsins gerði grein fyrir áætluninni. Fram kom að gert er ráð fyrir að tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga aukist um 13,9% á meðan vörur og þjónusta lækka um 4,5% og aðrar tekjur lækka um 12,7%. Áætlun gerir ráð fyrir að afkoma ársins verði jákvæð um 9,5 m.kr.

*Stjórn Sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2026.*

### 3. Starfsáætlun Sambandsins 2026 - 2512019SA

Lögð fram drög að starfsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2026. Starfsáætlunin fyrir árið 2026 byggir á stefnumörkun Sambandsins fyrir árin 2022-2026 og tekur mið af helstu áskorunum og tækifærum sveitarfélaga á Íslandi. Helstu verkefni á árinu 2026 eru málefni fatlaðs fólks með áherslu á fjármögnun málaflokksins í samtali við ríkið. Viðræður við ríkið munu halda áfram um niðurfellingu virðisaukaskatts af innviðaframkvæmdum og lækkan fjármagnskostnaðar sveitarfélaga. Vinnu við virðismatsvegferð kennara verður framhaldið bæði faglega og hjá kjarasviði. Af öðrum verkefnum má nefna undirbúning og framkvæmd verkefna tengd

sveitarstjórnarkosningunum í vor, áframhaldandi þróun stafrænna lausna til að bæta þjónustu og auka skilvirkni, auk öflugrar hagsmunagæslu fyrir sveitarfélög á landsvísu gagnvart helstu hagsmunaaðilum.

*Stjórn samþykkir starfsáætlun Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2026.*

**4. Trúnaðarmál - 2509477SA**

Lagt fram sem trúnaðarmál.

*Bókun færð í trúnaðarbók.*

**5. Umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins - 2509148SA**

Lögð fram fundargerð 5. fundar umhverfis- og innviðanefndar Sambandsins frá 28. október 2025.

**6. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2509327SA**

Lögð fram fundargerð 41. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 14. nóvember 2025.

**7. Menntunar- og velferðarnefnd Sambandsins - 2509140SA**

Lögð fram fundargerð 7. fundar menntunar- og velferðarnefndar Sambandsins frá 26. nóvember 2025.

**8. Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk - 2512023SA**

Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 9. desember 2025, um fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.

*Stjórn þakkar fyrir erindið og tekur undir með SSH að mikilvægt er að koma fjármögnun málaflokksins í fastar skorður. Unnið er að aðgerðaráætlun á vettvangi Sambandsins eins og kemur fram undir næsta lið fundarins.*

**9. Stefna í málefnum fatlaðs fólks - 2512024SA**

Aðalhogfræðingur Sambandsins og sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins fóru yfir aðgerðir sem snúa að málaflöknum.

*Stjórn þakkar kynninguna og lýsir yfir fullum stuðningi við að niðurstöður samtals milli ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila liggja fyrir með aðgerðaráætlun í febrúar næstkomandi en unnið er að slíkri útfærslu núna. Stjórn leggur mikla áherslu á mikilvægi þessarar vinnu og að hún skili árangri til að gera sveitarfélögum kleift að halda áfram góðri vinnu í þessum mikilvæga málaflökki. Lögð verður frekari útfærsla að markmiðum fyrir stjórn.*

**10. Varasjóður húsnæðismála - 2512026SA**

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur upplýst um að á næstu dögum muni stjórn Sambandsins fá erindi frá stofnuninni þar sem óskað er eftir því að ráðstafa fjármunum úr varasjóði húsnæðismála. Yfirlögfræðingur gerði grein fyrir málinu.

*Stjórn þakkar fyrir kynninguna og samþykkir, fyrir sitt leyti, þá tillögu sem kynnt var, með þeim fyrirvara að erindi berist innan tilskilins tíma og sé í samræmi við kynningu á fundinum.*

**11. Tilnefning í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða - 2510040SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til atvinnuvegaráðuneytisins, dags. 13. nóvember 2025, þar sem Freyr Antonsson, forseti sveitarstjórnar í Dalvíkurbyggð, og Ásgerður Kristín Gylfadóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði, eru tilnefnd í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 2025-2027.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**12. Tilnefning í starfshóp um mótun viðmiða um sjálfbæra þróun sveitarfélaga - 2511006SA**

Lögð fram til kynningar tilnefning Sambandsins til innviðaráðuneytisins, þar sem Saga Guðmundsdóttir, aðalhogfræðingur Sambandsins, Finnur Ricart Andrason, sérfræðingur í umhverfismálum á stjórnsýslusviði Sambandsins, og Freyja Sigurgeirsdóttir, lögfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, eru tilnefnd í starfshóp um mótun viðmiða um sjálfbæra þróun sveitarfélaga.

**13. Tilnefning varamanns í húsafriðunarnefnd - 2511023SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 26. nóvember 2025, þar sem Ragnar Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, er tilnefndur sem varamaður í húsafriðunarnefnd 2025-2029.

**14. Tilnefning í svæðisráð um strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði - 2512003SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húnæðismálaráðuneytisins, dags. 4. desember 2025, þar sem Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, og Gerður Björk Sveinsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, eru tilnefnd í svæðisráð um strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**15. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld - óskað umsagnar - 2511009SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 13. nóvember 2025, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (tollar, skilagjald o.fl.), mál nr. S-207/2025.

**16. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum - miðlægur nemendagrunnur - 2511014SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2025, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, lögum um leikskóla, lögum um grunnskóla og lögum um framhaldsskóla (miðlægur nemendagrunnur), mál nr. S-227/2025.